



Umboðsmaður Alþingis
Templarasundi 5
101 Reykjavík

DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@dmr.is dmr.is

Reykjavík 4. apríl 2022
Tilv.: DMR21050218/0.14.6

Með bréfi, dags. 28. maí 2021, sendi umboðsmaður Alþingis skýrslu vegna heimsóknar hans á grundvelli OPCAT-eftirlitsins í Fangelsið á Hólmsheiði 13. til 15. janúar 2020.

Í skýrslunni eru m.a. tilmæli til dómsmálaráðuneytisins um að settar verði reglur um vopn, tæki og efni í eigu fangelsa, sem ekki falla undir vopnalög nr. 16/1998, í samræmi við það sem löggjafinn hefur mælt fyrir um í 1. mgr. 3. gr. laganna.

Í ráðuneytinu er nú unnið að því, í samráði við Fangelsismálastofnun, að semja reglur um valdbeitingu fangavara og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna. Sú vinna er komin vel á veg.

Í skýrslunni er einnig ábending til dómsmálaráðherra að taka til skoðunar hvort tilefni sé til þess að kveða á í lögum um tilkynningaskyldu heilbrigðisstarfsfólks vegna áverka sem það verður vart við á föngum með það í huga að tryggja að trúnaðarskylda heilbrigðisstarfsfólks girði ekki fyrir slíkar tilkynningar.

Dómsmálaráðuneytið hefur farið yfir þessa athugasemd umboðsmanns og mun taka hana til skoðunar ásamt fleiri atriðum við næstu endurskoðun laga nr. 15/2016 um fullnustu refsinga.

Ráðuneytið biðst velvirðingar á því að dregist hefur að svara bréfi umboðsmanns vegna mikilla anna.

Fyrir hönd ráðherra


Bryndís Helgadóttir


Svana Margrét Davíðsdóttir

Sent rafrænt